

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar og til eftirbreytni öllum þeim, **94**
sem hlut eiga að máli. 28. ágúst

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

95
7. okt.

um

sérstaka friðun rjúpna.

Með því að rjúpur eru nú svo fáar í landinu, að þeirra verður ekki mik-
ið vart, þá þykir vera ástæða til að friða rjúpuna alveg þetta ár.

Samkvæmt lögum nr. 27 frá 1924, um breytingu á lögum nr. 59 frá 1913,
um friðun fugla og eggja, skipar ráðuneytið því svo fyrir, að rjúpan, sem
annars að lögum er friðuð ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. október,
skuli á þessu ári einnig vera friðuð á tímabilinu frá 15. október til ársloka.

Þetta er hérmeð birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

96
8. okt.

um

breyting á reglugerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórn-
inni til ríkisrekstrar á útvarpi, er hér með gerð eftirfarandi breyting á reglu-
gerð 13. maí 1930, um varnir gegn útvarpstruflunum.

1. gr.

Í stað orðanna „stjórn landssímans“ í 1. gr. komi: „útvarpsstjóra“.